NEON - fréttabréf

05.10.2016



Starfsemi Neon tekur mið af æskulýðslögum nr. 70 frá 2007 en tilgangur þeirra er að styðja börn og ungmenni til þátttöku í æskulýðsstarfi. Með æskulýðsstarfi er átt við skipulagða félags- og tómstundastarfsemi þar sem börn og ungmenni starfa saman í frístundum sínum að hugsjónum, markmiðum og áhugamálum sem þau sjálf meta að verðleikum

Vakin er athygli á:

* **NEON** skal vera opin öllum börnum og unglingum sem áhuga hafa á að taka þátt í starfseminni.
* Gestum NEON ber að koma fram af prúðmennsku og háttvísi.
* **NEON** vinnur markvisst með unglingalýðræði

Félagsmiðstöðin NEON - fjölbreytt dagskrá á döfinni.

Búið er að skipa nýtt NEON-ráð sem er skipað eftirtöldum aðilum:

Hilmar Þór Halldórsson 10. b.
Rut Jónsdóttir 10. b.
Júlía Birna Ingvarsdóttir 9. b.
Jón Pétur Erlingsson 9. b.
Hörður Ingi Kristjánsson 8. b.
Birna Björk Heimisdóttir 8. b.

Öllum ungmennum á þessum aldri hefur verið gefin kostur á að koma með hugmyndir að dagskrá fyrir NEON. Unnið er úr þeim hugmyndum öllum og má sjá dagskrá októ-bermánaðar hér á baksíðunni.

Dagskráin verður sett á heimasíðu Fjallabyggðar undir heiti stofnunarinnar. Ungmenni geta nálgast dagskránna á Face-bókarsíðu NEON.



Foreldrar ATH:
Ef unglingur sem stundar NEON og fer með rútunni á milli þá er nauðsynlegt að starfsmenn fái að vita ef unglingurinn fer ekki með rútunni aftur heim. Það er hlutverk foreldra að láta vita af því.

Dagskrá Samfés

- Félagsmiðstöðvar-dagurinn: 2. nóvember
- Rímnaflæði í Miðbergi: 18. nóvember
- Danskeppni: 3. febrúar
- STÍLL í Hörpu: 4. mars
- SamFestingurinn í Laugardalshöll: 24. mars
- Söngkeppni Samfés í Laugardalshöll: 25. mars

Dagskrá Siglufjörður vs. Ólafsfjörður

Líkt og undanfarin ár verður starfsemi NEON bæði í Ólafsfirði og á Siglufirði. Því miður hefur ekki verið hægt að byrja starfsemi í Ólafsfirði vegan viðhaldsframkvæmda en stefnt er að opnun þar mánudaginn 10. október. Starfsemi NEON verður í Ólafsfirði á mánudögum og á Siglufirði á föstudögum. Á miðvikudögum verður dagskrá til skiptis í Ólafsfirði og á Siglufirði.

Dagskrá í október:

Dagskrá NEON í októbermánuði verður sem hér segir:

Mánudagur 3. október: **A minute to win it - 2 saman í liði**

Miðvikudagur 5. október: **A minute to win it - úrslit**

Föstudagur 7. október: **POOL-mót**

Mánudagur 10. október: **MAKE-UP keppni. Strákar mála stelpur eða öfugt.**

Miðvikudagur 12. október: **Vöfflukvöld**

Föstudagur 14. október: **Bíó-kvöld**

Mánudagur 17. október: **MEME-keppni. Hver er fyndnasti unglingurinn í NEON?**

Miðvikudagur 19. október: **KAHOOT - skemmtilegur og öðruvísi spurningaleikur**

Föstudagur 21. október: **Borðtennismót - undankeppni**

Mánudagur 24. október: **Borðtennismót - úrslit**

Miðvikudagur 26. október: **LIP SYNC BATTLE.**



Föstudagur 28. október: **Árleg kökukeppni NEON. Dæmt fyrir bragð og útlit.**

STARFSMENN:

Í vetur munu þær Daníela Jóhannsdóttir (Sími: 777 4020) og Kristín Margrét Halldórsdóttir (Sími: 771 3507) hafa umsjón með starfinu. Með þeim starfa svo Gunnar Örn Óskarsson og Jakob Auðun Sindrason.

Reglur Neon

Unglingar eru velkomnir í félagsmiðstöðina Neon samkvæmt dagskrá hverju sinni, ef eftirfarandi reglum er fylgt.

1. Gestum Neon ber að koma fram af prúðmennsku og háttvísi. Þeir ásamt starfsfólki skulu koma fram af fyllstu kurteisi hverjir við aðra.

2. Unglingar sýni góða umgengni og forðist óþarfa hávaða. Þeir fari vel með þau tæki og húsgögn sem eru á staðnum og nýti sér þær ruslafötur sem eru staðsettar víðs vegar um húsnæðið. Sá unglingur sem verður valdur að einhverjum skemmdum á tækjum, tólum og eða húsgögnum félagsmiðstöðvarinnar greiðir fyrir skemmdirnar.

3. Neysla áfengis og/eða vímuefna er óheimil í/og við Neon. Verði unglingur staðinn að, eða leiki grunur á neyslu eða meðferð slíkra efna, er kallað umsvifalaust á forráðamann og/eða aðra er málið varðar og unglingurinn sóttur. Ef grunur reynist réttur missir unglingurinn um leið rétt til að stunda skemmtanir á vegum Neon um ákveðinn tíma.

4. Tóbaksnotkun eru bönnuð í og við Neon. Reynist unglingur vera með tóbak í fórum sínum skal það gert upptæk og því eytt. Skal upplýsa forráðamann um slíkt. Ef ítrekuð brot eru framin hefur starfsmaður leyfi til að vísa setja ungling í bann um stundasakir.

5. Það er skylda að fara úr skóm í anddyri og utanyfirfatnaður skal hengdur í fatahengi. Engin ábyrgð er tekin á fatnaði og öðrum eigum þeirra sem sækja félagsmiðstöðina.

6. Starfsmaður hefur leyfi til að vísa unglingum út ef um óæskilega hegðun er að ræða.

7. Öllum ágreiningi sem upp kann að koma í málum þeim sem reglurnar taka til skal vísa til deildarstjóra fræðslu-, frístunda- og menningarmála sem er yfirmaður Neon.